

Endurskoðunin var framkvæmd eftir viðteknum endurskoðunarvenjum og voru í því sambandi gerðar þær kannanir á bókhaldi og bókhaldsgögnum, sem ég taldi nauðsynlegar.

Sérstaklega vil ég benda á að meðal eigna sjóðsins, eru færðar gjaldfallnar afborganir útlána að fjárhæð kr. 5 412 103, sem er 7,4% veltufjármuna, sbr. skýringu nr. 3. Telja verður hæpið að þessar kröfur komi til með að innheimtast að fullu.

Að undanskildum þeim fyrirvara, sem fram kemur að ofan, er það álit mitt, að ársreikningurinn sé saminn í samræmi við lög og samþykktir og gefi, miðað við þær reikningsskilaaðferðir, sem beitt er og lýst er í skýringum, glögga mynd af rekstri sjóðsins á árinu 1990, efnahag hans hinn 31. desember 1990 og breytingu á hreinu veltufé á árinu 1990.

Reykjavík, 21. mars 1991.

Gunnar Zoëga, lögg. endursk.

Áritun framkvæmdastjóra og skrifstofustjóra.

Reykjavík,

Pórður Skúlason, frkvstj.

Birgir L. Blöndal, skrifstofustj.

AUGLÝSING

um staðfestingu á skipulagsupprætti um legu Búrfellslínu 3.

Ráðuneytið hefur í dag staðfest skipulagsupprátt, þar sem kveðið er á um legu 220 kw háspennulínu frá Búrfellsvirkjun að Sandskeiði.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, skv. skipulagslögum nr. 19/1964.

Eftirtaldar hreppsnefndir og bæjarstjórnir hafa samþykkt uppráttinn:

1. Hreppsnefnd Gnúpverjahrepps.
2. Hreppsnefnd Landmannahrepps.
3. Hreppsnefnd Skeiðahrepps.
4. Hreppsnefnd Grímsneshrepps.
5. Hreppsnefnd Grafningshrepps.
6. Hreppsnefnd Ölfushrepps.
7. Bæjarstjórn Mosfellsbæjar.
8. Bæjarstjórn Kópavogs.

Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt uppráttinn til staðfestingar í ráðuneytinu.

Umhverfisráðuneytið, 4. júlí 1991.

F. h. r.

Páll Líndal.